

25.fundar stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 19.mars, kl.17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Sandra Matthíasdóttir fulltrúi tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla, boðuðu forföll.

Dagskrá

Til samþykktar

1. Val á landsliði fyrir Evrópumótið í áhaldafimleikum.

Sviðsstjóri landsliðsmála setur fram eftirfarandi greinagerð; Landsliðsþjálfarar hafa valið eftirfarandi hóp. Þeir sem skipa mun landslið Íslands á EM 2013 eru þau sem hafa hæstu D einkunn, ásamt því að hafa flestar sérkröfur á áhöldum. Erfiðleikagildi er sérstaklega mikilvægt á stórmótum. Einnig er nauðsynlegt að vera í góðu keyrsluformi þar sem æfingar dagana fyrir keppni eru tvær. Keppni á stórmóti fer fram á podium (áhöld uppi á pöllum).

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi keppnislista frá landsliðsþjálfurum kvenna í áhaldafimleikum fyrir Evrópumeistaramótið í Moskvu 14-21.apríl 2013.

Landsliðshópurinn í stafrófsröð

Dominiqua Belányi	Grótta
Norma Dögg Róbertsdóttir	Gerpla
Thelma Rut Hermannsdóttir	Gerpla
Tinna Óðinsdóttir	Gerpla

Til vara eru:

Agnes Suto	Gerpla
Hildur Ólafsdóttir	Fylkir
Jóhanna Rakel Jónasdóttir	Ármann

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi keppnislista frá landsliðsþjálfara karla í áhaldafimleikum fyrir Evrópumeistaramótið í Moskvu 14-21.apríl 2013.

Landsliðshópurinn er í stafrófsröð;

Ólafur Garðar Gunnarsson	Gerpla
Róbert Kristmannsson	Gerpla

Til vara eru:

Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	Gerpla
Jón Sigurður Gunnarsson	Ármann
Sigurður Andrés Sigurðsson	Ármann

Málið rætt

Tilnefning sviðstjóra landsliða um keppendur á mótið er samþykkt með vísan til rökstuðnings landsliðsþjálfara og lýsir ánægju með þá vinnu sem hefur farið fram við val á landsliði fyrir EM í Moskvu.

Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Sviðstjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.

1. Samþykktir fyrir úrvalshóp í áhaldafimleikum.

Sviðsstjóri landsliðsmála setur fram eftirfarandi greinagerð;

Landsliðsþjálfarar í samvinnu við Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV) hafa valið í úrvalshóp kvenna hjá Fimleikasambandi Íslands vorið 2013. Eru það stúlkur fæddar 1997 og fyrr sem er fullorðins aldur Alþjóða fimleikasambandsins. Valið miðaðist við Bikarmót FSÍ 2013 auk móta á haustönn 2013. Valdar voru þær stúlkur sem kepptu í frjálsum æfingum í fjölþraut. Í einhverjum tilvikum er lítið til meiðsla stúlkna sem stunda enn æfingar en hafa verið meiddar á tímabilinu.

Landsliðsþjálfarar í samvinnu við Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV) hafa valið í úrvalshóp stúlkna hjá Fimleikasambandi Íslands vorið 2013. Eru það stúlkur fæddar 2000, 1999 og 1998 sem er unglingaaldur Alþjóða fimleikasambandsins. Valið miðaðist við þrepamót og Bikarmót FSÍ 2013 auk þess var miðað við opna æfingu sem TKV boðaði til í janúar 2013. Valdar voru þær stúlkur sem kepptu í frjálsum æfingum og 1. þrepi íslenska fimleikastigans. Einnig voru valdar tvær stúlkur sem kepptu í öðru þrepi sem var samdóma álit þjálfara og TKV að væru með yfirburða getu bæði á mótum og opnu æfingunni bæði hvað varðar framkvæmd og innihaldi sinna æfinga.

Sviðsstjóri skýrði einnig frá þjálfarafundi sem landsliðsþjálfara kvenna héldu, mánudaginn 18.mars, með öllum þeim þjálfurum sem eiga fulltrúa í úrvalshópum kvenna á núverandi keppnistímabili.

Bókun:

Stjórn FSÍ lýsir ánægu sinni yfir því að úrvalshópar í áhaldafimleikum kvenna séu komnir af stað og óskar þátttakendum og forráðamönnum þeirra til hamingju með tilnefninguna.

2. Undanþága vegna skilyrða fyrir 5.þrep kk á Íslandsmóti í þrepum

Stjórn FSÍ barst eftirfarandi erindi frá Tækninefnd karla; Við í TK höfum áttað okkur á því hversu fáir hafa náð lágmarknum í 5.þrepi og sjáum fram á frekar tómlaga keppni þar. Núna hafa 8 náð lágmarknum og er það ekki jafn mikið og TK vonaðist eftir og er færri heldur en var þegar aðeins 12 hæðstu komust inn á Íslandsmót. Viðmiðið hefur verið að það séu flestir í neðstu þrepunum á Íslandsmótum og svo fækki keppendum eftir því sem ofar dregur. Þess vegna viljum við í TK lækka lágmarkin í 5.þrepi niður í sama stigafjölda og er í 4.þrepi til þess að fá almennilegan fjölda inná þetta mót. Breytingar einsog þessi lágmark áttu ekki að minnka þann fjölda sem átti að komast á Íslandsmót heldur halda fjöldanum í hæfilegu magni, svo að mótið myndi ekki fyllast. Þessi lágmark

gera það ekki og er það ástæðan fyrir því að við viljum færa lágmarkin niður í 78 stig. Ef fallist verður á það þá hef ég farið yfir niðurstöður Haustmóts, Þrepamóts og Bikarmóts og talist til að 11 strákar komist aukalega inn.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkti fyrrgreint erindi á milli funda og var það sett í framkvæmd fyrir Íslandsmótið í þrepum.

3. Breytingartillaga frá Gerplu vegna Íslandsmóts í hópfimleikum.

Stjórn barst eftirfarandi breytingartillaga frá Gerplu vegna Íslandsmóts í hópfimleikum;

Um tilurð tillögunar vísast til fyrri samskipta Fimleikasambands Íslands og Íþróttafélagsins Gerplu vegna breytinga á tímasetningu Íslandsmótsins í hópfimleikum 2013 og þeirrar umræðu sem skapaðist í kjölfarið. Tillagan hljóðar svo: “Að láta Íslandsmótið í hópfimleikum 2013 fara fram á einum degi í stað tveggja”

Erindið var á sama tíma sent tækninefnd í hópfimleikum sem fjallaði um málið og sendi framkvæmdastjóra eftirfarandi ályktun; „Stjórn fimleikasambands Íslands bað tækninefnd í hópfimleikum um að gefa sitt faglega álit á tillögu Gerplu varðandi Íslandsmót 2 í hópfimleikum. THF fór yfir málið og var meirihluti nefndarinnar á því að halda ætti mótafyrirkomulaginu óbreyttu og þar með hafna tillögu Gerplu um breytingu á mótinu.“

Málið rætt

Stjórn FSÍ hafnar breytingum á Íslandsmóti í hópfimleikum á forsendum álits tækninefndar í hópfimleikum.

Bréf til FSÍ

1.Bréf frá fimleikadeild Stjörnunnar vegna Íslandsmóts í hópfimleikum.

Samþykkt að að formaður og sviðsstjóri landsliðsmála fundi með þeim aðilum sem sendu bréfin og fara efnislega yfir bréfið.

2.Bréf frá Fimleikafélagi Akureyrar vegna Mílanómeistaramóts.

Samþykkt að Formaður FSÍ og framkvæmdastjóri svara viðkomandi bréfi.

Fundi slitið kl. 17:50